

**Ákvörðun refsingar samkvæmt 155. gr. og  
157. gr. almennra hegningarlaga nr.  
19/1940**

Böðvar Steinvörsson

**Háskóli Íslands  
Lagadeild  
Leiðbeinandi: Halldór Rósmundur Guðjónsson  
Desember 2017**

## EFNISYFIRLIT

Aðfararorð .....	3
1 Inngangur .....	4
2 Refsingar og ákvörðun refsingar .....	6
2.1 Almennt um refsingar.....	6
2.2 Forsenda og varnaðaráhrif refsinga.....	8
2.2.1 Varnaðaráhrif refsinga.....	8
2.2.2 Almenn varnaðaráhrif.....	8
2.2.3 Sérstök varnaðaráhrif .....	9
2.3 Refsitegundir íslensks réttar .....	9
2.4 Ákvörðun refsingar .....	11
2.4.1 Almennt um ákvörðun refsingar.....	11
2.4.2 Almennar refsíákvörðunarástæður .....	12
3 Skjalabrot samkvæmt XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.....	12
3.1 Almennt um skjalabrot .....	12
3.1.1 Hugtakið skjal .....	12
3.2 Flokkun skjalabrota .....	14
3.2.1 Verndarhagsmunir XVII. kafla .....	14
3.2.2 Verknaðaraðferðir/Fullframningarstig .....	14
4 Skjalafals .....	15
4.1 Refsíákvæði 155. gr. alm. hgl. ....	16
4.2 Misnotkun skjala samkvæmt 157. gr. alm. hgl. ....	17
4.3 Refsíákvörðunarástæður.....	17
4.3.1 Til hvaða atriða horfa dómstólar við ákvörðun refsingar í fölsunarmálum .....	17
4.3.2 Refsíákvörðunarsjónarmið .....	19
4.4 Refsileyti samkvæmt lögum .....	21
4.4.1 Þar sem fjallað er var um 31. gr. flóttamannasamningsins .....	23
5 Niðurstaða og ályktanir .....	28
Heimildaskrá .....	30
Dómaskrá .....	32

## Aðfararorð

Almennt er talið að fyrstu vegabréfin hafi verið gefin út á miðöldum. Var tilgangur þeirra að vera sönnun þess að handhafi bréfs gæti ferðast inn og út úr borgum og borgríkjum án þess að greiða skatt eða afgjald. Talið er að stjórn Hinriks 5 Englandskonungs hafi útfært hugmyndina um diplómatapassa í byrjun 15.aldar. Slíkt konungsbréf skyldi gera handhafa kleift að ferðast líka frjálst um milli landa. Aldirnar liðu án þess að eðli og tilgangur vegabréfanna breyttist. Það er síðan við upphaf fyrri heimstyrjaldar árið 1914 að leiddar voru í lög reglur um vegabréf í nútíma skilningi. Tilgangur reglnanna var að koma í veg fyrir að njósnarar á snærum óvinaríkis kæmust inn í landið sem og að hindra för verkamanna og hermanna úr landi. Að styrjöldinni lokinni var vegabréfaskyldunni við haldið. Árið 1920 setti Þjóðabandalagið sem er forveri Sameinuðu þjóðanna, samræmdar reglur fyrir vegabréf. Þær reglur eru enn í gildi en þó með vissum breytingum.<sup>1</sup> Rétt er að hafa þennan bakgrunn og almennt sögulegt yfirlit í huga þegar ritgerðin er lesin.

---

<sup>1</sup> Að því er hið ofangreinda örstutta sögulega yfirlit vegabréfa almennt varðar, þá var stuðst við almennt viðurkenndar staðreyndir sem finna má í flestum alfræðiritum og þjóðarréttarbókum. Í þessu tilfelli er efnið sótt í að uppistöðu til í almenna danska vefsíðu sem að mati höfundur gerir því látlaus, skýr og greinileg skil. „Hvornár begyndte man at bruge pas til rejser mellem lande?“, <http://altomhistorie.dk/arkiv>. Vísun í slíkar heimildir sem einstakar vefsíður eru verður haldið í lágmarki í þessari ritsmíð.

# 1 Inngangur

Á síðustu árum hefur það færst í aukana að menn komi til Íslands og framvísi, í blekkingarskyni fölsuðum vegabréfum eða öðrum ferðaskilríkjum, sem aðrir eru lögmætir handhafar að. Þannig reyna einstaklingar m.a. að forðast réttvísina. Tengjast fölsunarbrot oft öðrum brotum eins og peningabætti, smygli á fólki, mansali, og ýmis konar skipulagðri brotastarfsemi.<sup>2</sup> Ólíkar ástæður geta búið að baki því að fólk flytur frá sínu heimalandi, það getur til að mynda verið vegna stríðsástands eða fátæktar. Sem dæmi um aðstæður einstaklings sem ákveður að fremja skjlabrot með því að fara til annars lands á fölsuðum persónuskilríkjum má hugsa sér atvinnulausan einstakling frá fátæku landi sem vill gera líf sitt bærilegra og freista þess að fá hæli hér á landi eða annarsstaðar. Þá eru einnig einstaklingar sem búið hafa um lengri skeið og jafnvel mörg ár sem hælisleitendur í Evrópu en ákveða af einhverjum ástæðum að fara til Kanada en eru stöðvaðir á leið sinni þangað og sækja í framhaldinu um hæli hér á landi og því má eflaust vera að hælisumsókn þeirra hér á landi hafi verið þeirra annar kostur.<sup>3</sup>

Í þessari ritgerð er sjónum beint að refsiverðri notkun skjala og skilríkja. Aðallega verður fjallað um afbrot sem tengjast skjalafalsi og ólögmætri meðferð persónubundinna lögteikna í skilningi íslensks refsiréttar. Einkum verður leitast við að kanna viðhorf ákærvalds og dómstóla til misnotkunar og fölsunar vegabréfa sem ferðaskilríkja ef slíkt er gert í því skyni að fá inngöngu og öðlast rétt í öðru ríki en heimalandi viðkomandi.<sup>4</sup> Brot þau sem verða til umfjöllunar felast annars vegar í því að nota falsað skjal sem varðar við 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir skammstafað alm. hgl.) og hins vegar að nota ófalsað skjal annars mann sem varðar við 157. gr alm. hgl.<sup>5</sup> Í 2. másl. 2. mgr. 66. gr. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1994 (hér eftir skammstafað stjskr.) kemur fram að með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir

---

<sup>2</sup> *Áhættumat og greining vegna komu flóttafólks og aukins álags á landamærum Íslands*, bls. 12.

<sup>3</sup> Í *Hérd. Reykn.* 28. nóvember 2017 (S-328/2017) var sómalískur ríkisborgari sem framvísaði fölsuðu vegabréfi í vegabréfaskoðun á leið sinni til Toronto í Kanada. Hann greindi frá því að hann hafi dvalið í Noregi undanfarin þrettán ár og hafi, áður en för hans var stöðvuð, verið á leið til Kanada í leit að betra lífi. Einnig var bent á þetta í skýrslu á vegum Innanríkisráðuneytisins. *Skýrsla nefndar um málefni útlendinga utan Evrópska efnahagssvæðisins*, bls. 49.

<sup>4</sup> Í reglugerð um íslensk vegabréf nr. 560/2009 er að finna ýmsar upplýsingar um gerð, form og efni vegabréfa. Þá segir til dæmis í 3. gr. reglugerðarinnar að „Kápa vegabréfs skal vera úr slitþolnu efni. Litur á kápu skal vera heiðblár, en áletrun gyllt. Í vegabréfi skal vera persónusíða úr öryggispappír eða gerviefni.“ Löggild persónuskilríki á Íslandi eru nafnskírteini samkvæmt lögum um útgáfu og notkun nafnskírteina nr. 25/1965, ökuskírteini samkvæmt sömu lögum og vegabréf samkvæmt lögum um vegabréf nr. 136/1998.

<sup>5</sup> Ákvæðin er að finna í XVII. kafla alm. hgl en yfirskrift kaflans er „Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn“.

sé hægt að vísa þeim úr landi. Í 19. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 (hér eftir skammstafað útlendingalög) segir svo að við komu til landsins skal einstaklingur hafa gilt vegabréf eða annað kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki. Reynt verður að varpa nokkuð heildstæðri mynd af ákvörðun refsingar við beitingu ákvæða um skjalafals og til hvaða atvika litið sé til þegar ákvörðuð er refsing fyrir skjalafals og þá sérstaklega í vegabréfamálum. Í umfjöllun þessari verður ýmis sjónarmiðum velt upp sem almennt er talið að geti haft áhrif á ákvörðun refsinga í dómi eins og til dæmis aldur brotamanns og hvort beita eigi í einhverjum tilvikum vægari refsingu. Markmið höfundar er að leita svara við ýmsum spurningum og álítaefnum er varða viðhorf í réttarframkvæmd í refsímálum sem tengjast málefnum. Meðal annars verður vikið að breytingum í framkvæmdinni þegar brot einstaklinga tjáðist varða flóttu þeirra til Íslands undan ofsóknum og mismunun í heimalandinu. Litið verður til þeirra meginsjónarmiða sem liggja til grundvallar við ákvörðun á réttarstöðu sakbornings í slíkum málum. Verður hér rætt um þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar í dómaframkvæmdinni að því er flóttamenn varðar og einnig hugmyndir og tillögur sem fyrir liggja þeim aðlútandi og eru nú efst á baugi meðal annars í Noregi.

Samkvæmt frumvarpi til laga sem varð að lögum nr. 80/2016 um útlendinga kemur fram að umsækjendur um alþjóðlega vernd sem framvísa fölsuðum eða stolnum skilríkjum hér á landi séu dæmdir, hér á landi, í 30 daga fangelsi á grundvelli 155. gr. eða 157. gr. alm. hgl.<sup>6</sup> Refsing þeirra sem framvísa fölsuðum skilríkjum eða skilríkjum einhvers annars hefur almennt verið ákveðin hjá dómstólum 30 daga óskilorðsbundið fangelsi<sup>7</sup> en einnig eru tilvik þar sem einstaklingar hafi verið dæmdir í 30 daga skilorðsbundið fangelsi.<sup>8</sup> Þessi framkvæmd hefur sætt gagnrýni og hefur til að mynda forstjóri Fangelsismálastofnunar, Páll Winkel, sagt það algjörlega marklaust að refsa hælisleitendum með fölsuð vegabréf því refsingin hafi ekki fælingarmátt. Páll bendir á að tilgangur refsinga sé að draga úr líkum á afbrotum og segir „Ég held að fólk í Afganistan viti ekki hvort menn séu dæmdir í 15 daga fangelsi eða sitji inni í 15 daga á Íslandi ef þeir koma með fölsuð vegabréf“.<sup>9</sup>

---

<sup>6</sup> Þskjl. 1180, 145. lögþ. 2015-2016, bls. 110 (enn óbirt í A-deild Alpt.).

<sup>7</sup> Í *Hrd. 16. nóvember 2017 (220/2017)* var ákærði, S, dæmdur í 30 daga óskilorðsbundin fangelsi fyrir að hafa framvísað fölsuðu vegabréfi við landamæraeftirlit. Nánari umfjöllun um dóminn verður í kafla 5.4.1 í ritgerðinni.

<sup>8</sup> Í *Hérd. Reykn. 15. desember 2016 (S-220/2016)* var ákærði, A, dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa framvísað vegabréfi annars manns. Nánari umfjöllun um dóminn verður í kafla 5.4.1 í ritgerðinni.

<sup>9</sup> „Segir marklaust að refsa hælisleitendum“, <http://www.ruv.is>.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, Rauði krossinn á Íslandi, UNICEF á Íslandi og lögmenn hér á landi sem starfa við þennan málaflokk gagnrýndu einnig framkvæmdina. *Skýrsla nefndar um málefni útlendinga utan Evrópska efnahagssvæðisins*, bls. 50.

Við skoðun á þessum málaflokki var farið ítarlega í dómaframkvæmdina og sérstaklega dóma frá árunum 2015 til 7. desember 2017. Til samanburðar hefur ákvörðun refsingar í sambærilegum málum í Noregi verið skoðuð en áhugavert er að komast að því hvort önnur nálgun sé við ákvörðun refsingar á Íslandi.

Málaflokkurinn er umfangsmikill. Á landsvísu hafa 954 einstaklingar frá 61 mismunandi þjóðernum sótt um hæli á Íslandi frá janúar til og með október 2017 miðað við 759 allt árið áður. Á árinu 2017 voru 336 einstaklingar án löglegra ferðaskilríkja og 70 mál sem varða skjalafals komu upp hjá lögreglunni á Suðurnesjum. Fölsuð ferðaskilríki voru í 51 máli og 19 mál þar sem einstaklingar framvísuðu skilríkjum annarra.<sup>10</sup> Til samanburðar þá voru 996 skjöl misnotuð árið 2016 í Noregi sem var mikil aukning frá árinu 2015 þegar fjöldi skjala var 795 árið áður.<sup>11</sup>

## 2 Refsingar og ákvörðun refsingar

### 2.1 Almenn um refsingar

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1994 gerir ráð fyrir refsingum og setur jafnframt takmarkanir fyrir beitingu þeirra. Í 1. mgr. 67. gr. stjkskr. kemur fram að engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Þá segir í 1. mgr. 69. gr. stjkskr. að:

Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað.

Almenn ákvæði um refsingar og ákvæði um viðurlög flestra þeirra brota sem alvarlegust eru talin í þjóðfélaginu er að finna í almennum hegningarlögum nr. 19/1940.<sup>12</sup> Hugtakið refsing er hvergi skilgreint í lögum eða lögskýringargögnum.<sup>13</sup> Í greinargerð með almennum hegningarlögum nr. 19/1940 er þó útskýrt markmið refsingar og hvaða áhrif hún eigi að hafa á einstaklinginn sem henni sætir og samfélagið í heild. Þar segir meðal annars:

Refsing er ein þeirra aðferða, sem þjóðfélagið hefur til þess að verjast réttarbrotum. Markmið refsingar er fyrst og fremst verndun almenns réttaröryggis og viðhald lögbundins þjóðskipulags. En auk þess fullnægir refsing réttlætistilfinningu almennings er ekki sættir sig við það, að menn skerði órefsað mikilvæg réttindi annarra. Það mun ekki dregið í efa, að refsing eigi rétt á sér

---

<sup>10</sup> Samkvæmt upplýsingum í tölvupósti til höfundar frá Eiríki H. Sigurjónssyni, rannsóknarlögreglumanni í flugstöðvardeild Lögreglustjórans á Suðurnesjum, dags. 8. desember 2017.

<sup>11</sup> *Misbruk av ID-dokumenter 2016*, bls. 5.

<sup>12</sup> Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir: *Ákvörðun refsingar*, bls. 61.

<sup>13</sup> Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 62.

vegna þess tilgangs, þar eð víst má telja, að aðrar vægari aðferðir mundu ekki verða að gagni. En nú er refsing böll, bæði þeim, er henni sætir, og ýmsum öðrum einstaklingum, einkum vandamönnum afbrotamannsins, og loks þjóðfélaginu í heild, þó að hún sé því nauðsynlegt böll. Af því leiðir að refsingu ber ekki að beita nema nauðsyn krefji og ætla megi að hún nái tilgangi sínum.<sup>14</sup>

Segja má að markmið refsinga sé aðallega að vernda almennt réttaröryggi og þá einnig að hafa fælingaráhrif á aðra hugsanlega brotamenn. Í refsingu felst endurgjald vegna brots, betrun og fráfæling til þess að koma í veg fyrir að brot verði framin.<sup>15</sup> Segja má að refsingar séu þyngstu viðurlög sem ríkisvaldið beitir vegna brota á reglum samfélagsins. Því er mikilvægt að rökstyðja beitingu þeirra þar sem þær eru svo alvarlegar fyrir þá sem þeim sæta.<sup>16</sup> Þrátt fyrir að refsingar séu taldar þyngstu viðurlög sem ríkisvaldið beitir þá höfða þær sterkt til réttlætiskenndar fólks og virðist sem svo að enginn ágreiningur sé um það í samfélaginu að ríkisvaldinu beri að beita refsingum. Oft eru settar fram efasemdir um réttmæti refsinga og varnaðaráhrif. Eru refsingar þá taldar of vægar eða of þungar og ekki í takt við tímann. Refsingar virðast vera viðtekin viðbrögð við afbrotum þó að rannsóknir hafi gefið tilefni til að efast um að refsingar dragi úr afbrotum eða hafi endurhæfingargildi. Því hefur verið haldið fram að refsingar séu aðeins að litlu leyti tæki til að stýra afbrotum en hafa í reynd ekki haft erindi sem erfiði.<sup>17</sup>

Einnig ber að nefna endurgjaldssjónarmið sem segja má að sé það hlutfall á milli brots og refsingar og virðist gæta mjög í viðhorfum til ákvörðunar til refsinga. Þyngd refsingar hverju sinni er, samkvæmt endurgjaldssjónarmiðum, í réttu hlutfalli við alvarleika brots.<sup>18</sup>

---

<sup>14</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 352-353.

Norsku fræðimennirnir Svein Slettan og Toril Marie Øie hafa skilgreint kjarnann í refsirétti sem svo að hugtakið refsiréttur felur í sér reglur um afbrot við refsingu. Í reglunum kemur fram hvaða verknaður er refsiverður (afbrotsskenningin), hvaða almenn skilyrði þurfa að vera uppfyllt til að refsa og hvaða kvaðir má leggja á þann seka og hvernig kvöðunum er fullnægt. Svein Slettan og Toril Marie Øie. *Forbrytelse og straff*, bls 15-16.

<sup>15</sup> Ragnheiður Bragadóttir: „Markmið refsinga“, bls. 97.

Jónatan Þórmundsson skilgreinir einnig hugtakið refsingu, í bók sinni: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 62, svo að „refsing er ein tegund viðurlaga sem ríkisvald beitir þann, sem sekur hefur reynst um refsivert brot. Hún felur í sér vanþóknun eða fordæmingu samfélagsins og er til þess fallin að valda dómþola þjáningu eða óþægindum.“

<sup>16</sup> Ragnheiður Bragadóttir: „Markmið refsinga“, bls. 97.

<sup>17</sup> Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir: *Ákvörðun refsingar*, bls. 62-63.

<sup>18</sup> Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir: *Ákvörðun refsingar*, bls. 78.

## 2.2 Forsenda og varnaðaráhrif refsinga

### 2.2.1 Varnaðaráhrif refsinga

Margar kenningar hafa komið fram í gegnum tíðina sem snúið hafa annars vegar að því að refsar vegna brots sem hefur verið framið og hins vegar að refsar til þess að fyrirbyggja að framin verði brot síðar. Þessar kenningar kallast refsikenningar en kenningin um að refsar sé til þess að fyrirbyggja brot er svonefnd nytjastefna sem heimspekingurinn Protagoras var meðal annars hlyntur og sagði til að mynda að sá sem vildi refsar af skynsemi myndi vilja refsar með framtíðina í huga til að fæla brotamenn og aðra frá því að fremja afbrot. Með öðrum orðum er inntak þessarar kenningar varnaðaráhrif sem skiptast svo í almenn og sérstök varnaðaráhrif.<sup>19</sup>

### 2.2.2 Almenn varnaðaráhrif

Með almennum varnaðaráhrifum er átt við þau áhrif sem refsingar eiga almennt að hafa á fólk svo að það fremji ekki brot, þ.e. að láta refsingar sem aðrir eru dæmdir til fyrir afbrot, verða sér víti til varnaðar.<sup>20</sup> Á öldum áður voru almenn varnaðaráhrif bundin við refsiframkvæmdina. Þá voru dauðarefsingar tíðar og aftökur opinberar en með grimmilegum refsingum var reynt að vekja viðbjóð hjá fólki á afbrotum og afbrotamönnum. Í seinni tíð, fyrst á tímum upplýsingastefnunnar á 18. öld, vék þessi harðneskjulega afstaða fyrir mannúðlegri hugmyndum. Þá setti Anselm Von Feuerbach til að mynda fram refsihótunarkenningu þess efnis að setja þyrfti í lög hvaða háttsemi væri refsiverð og þá hver refsingin við brotum væri. Taldi hann að vitneskjan um það ætti að fæla menn frá brotum. Þrátt fyrir að margar kenningar um varnaðaráhrif hafi verið settar fram í gegnum tíðina þá eru fleiri atriði sem taka þarf inn í myndina. Eru almenn varnaðaráhrif refsiviðurlaga talin vera mjög mismunandi eftir brotategundum og þeim einstaklingum sem eiga í hlut. Það er hins vegar talið að breytingar á lögum sem eru ekki mjög verulegar eins og að þvingja refsimörk, hafi ekki slík áhrif á brotatíðni að þau geti talist veruleg.<sup>21</sup> Almenn varnaðaráhrif refsinga eru helst til staðar þegar um er að ræða brot sem fólk fremur að vandlega yfirlögðu ráði, svo sem

---

<sup>19</sup> Ragnheiður Bragadóttir: „Markmið refsinga“, bls. 98.

<sup>20</sup> Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir: *Ákvörðun refsingar*, bls. 79.

<sup>21</sup> Ragnheiður Bragadóttir: „Markmið refsinga“, bls. 98.

skattabrot og umferðalagabrot, að öðru leyti eru þau almennu varnaðaráhrif refsinga tiltölulega lítil.<sup>22</sup>

### 2.2.3 Sérstök varnaðaráhrif

Sérstökum varnaðaráhrifum er ætlað að hafa áhrif beint á þann sem sætir refsingunni. Að gera brotamanninn óskaðlegan, það er fæla hann frá að brjóta af sér og bæta hann. Það að gera mann óskaðlegan getur falist í því að svipta mann frelsi sínu. Viðurlagakerfið er talið eiga að vera einfalt og skilvirkt og það á að vera fyrirsjáanlegt hvaða refsing liggur við broti. Sú refsing sem beitt er við brotum manna verður að vera í samræmi við þessi sjónarmið og gæta verður jafnræðis milli brotamanna.<sup>23</sup>

## 2.3 Refsitegundir íslensks réttar

Refsitegundir á Íslandi eru aðeins tvær, fangelsi og fésektir sbr. 31. gr. alm. hgl. Fangelsisrefsing er annað hvort ævilöng eða um tiltekinn tíma sem er frá 30 dögum og allt að 16 árum, sbr. 34. gr. alm. hgl. Í almennum hegningarlögum er að finna ýmsar heimildir til útfærslu á refsitegundunum tveimur. Er því ekki úr vegi að tilgreina nokkrar þeirra. Fyrst ber að nefna heimildina um að skilorðsbinda frestun ákæru skv. 56. gr. alm. hgl.<sup>24</sup> sem er einkum notuð vegna fyrstu brota og ef gerandi er ungmenni á aldrinum 15-21 árs.<sup>25</sup> Þá er dómara heimilt að ákveðnum skilyrðum almennra hegningarlaga uppfylltum að láta refsingu niður falla. sbr. 3. mgr. 218. gr. a. alm. hgl. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 57. gr. alm. hgl., má ákveða í dómi að fresta ákvörðun refsingar með skilyrðum um tiltekinn tíma.<sup>26</sup> Í b-lið sömu málsgreinar er lögfest svokölluð skilorðsbundin refsing en með henni er heimilt að fresta

---

<sup>22</sup> Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir: *Ákvörðun refsingar*, bls. 80.

<sup>23</sup> Ragnheiður Bragadóttir: „Markmið refsinga“, bls. 99.

<sup>24</sup> Samkvæmt 56. gr. alm. hgl., er ákæranda heimilt, þegar aðili hefur játað brot sitt, að fresta um tiltekinn tíma ákæru til refsingar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

<sup>25</sup> Til samanburðar um hver telst vera ungmenni þá er að það m.a. skilgreint í íslenskri orðabók sem unglíngur eða ung manneskja (16-18 ára). Einnig má líta til fyrirsmæla Ríkissaksóknara frá 25. janúar 2017, RS: 8/2017. Þar sem sáttamiðlun var til umfjöllunar og segir „Tiltekið aldurshámark geranda er ekki gert að skilyrði sáttamiðlunar, en áréttað skal að sáttamiðlun er sérstaklega æskilegur kostur í málum vegna brota ungmenna 15 - 21 árs.“.

<sup>26</sup> Í *Hérd. Suðurl. (S-197/2016)* var A sakfelldur fyrir skjalafals skv. 155. gr. alm. hgl. með því að hafa falsað undirritun B á eyðublað til tilkynningar um eigendaskipti bifreiðar og afhent eyðublað til skráningar hjá Umferðarstofu. Refsing A var talin hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga. Fullnustu refsingar var frestað og hún látin niður falla að liðnum tveimur árum héldi ákærði almennt skilorði 57. gr. alm. hgl.

fullnustu refsingar með skilyrðum um tiltekinn tíma.<sup>27</sup> Skilorð refsingarinnar fellst þá aðallega í því að hinn sakfelldi gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum.<sup>28</sup> Skilorðsbundinni ákærufrestun og skilorðsbundnum dómum er ætlað að hafa það jákvæða hlutverk að vera hinum brotlega til aðhalds og endurreisnar úti í samfélaginu, enda séu ákveðin skilyrði haldin en hér er um skilyrtar refsíákvarðanir að ræða.<sup>29</sup> Í refsidómum þar sem refsing er tiltölulega stutt vegna fyrsta eða annars brots sem ekki þykir þeim mun alvarlegra er skilorðsbinding refsivistar beitt í miklum og vaxandi mæli. Það er talið að óskilorðsbundnir fangelsisdómar hafi meiri almenn varnaðaráhrif en skilorðsbundnir og þá eru skilorðsbundnir dómar taldir hafa meiri sérstök varnaðaráhrif þar sem skilorðsrof leiða til þess að hin skilorðsbundna refsing bætist við refsingu vegna nýs brots.<sup>30</sup>

Það er ekki mögulegt að beita sektargerð í brotum er varða framvísun falsaðra skjala samkvæmt 155. gr. og 157. gr. alm. hgl. Með vísan til fyrirmæla ríkissaksóknara frá 25. janúar 2017 hefur lögreglustjóri almenna heimild til að ljúka máli, sem hann hefur ákærvald um, með lögreglustjórasett. Ríkissaksóknari áréttar í þeim reglum að eðlilegt kunni að vera að ljúka broti með lögreglustjórasett, enda sé brot smávægilegt og varði ekki við almenn hegningarlög.<sup>31</sup> Athyglisvert er í þessu sambandi að fylgjast með opinberri umfjöllun um framkvæmd landamæraeftirlits í Noregi.<sup>32</sup> Á einum alþjóðaflugvelli þar í landi er málum ekki vísað til saksóknara og dómstóla til úrlausnar. Þar hefur sú staða komið upp að eftirlitsaðilar landamæra taka ákvörðun á staðnum um refsingu eða brottvísun þeirra einstaklinga sem ætla má að séu brotlegir við vegabréfareglur. Viðkomandi stjórnvald mat stöðuna svo að vegna

---

<sup>27</sup> Í *Hrd.* 2003, bls. 4492 (449/2003) má sjá ólík sjónarmið héraðsdóms og Hæstaréttar um hvort refsing ákærða í málinu skuli vera ákveðin skilorðsbundin eða óskilorðsbundin. Nánar verður fjallað um dóminn í kafla 4.3.1 ritgerðarinnar.

<sup>28</sup> Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir: *Ákvörðun refsingar*, bls. 66-68.

<sup>29</sup> Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 20.

<sup>30</sup> Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir: *Ákvörðun refsingar*, bls. 81.

<sup>31</sup> Fyrirmæli ríkissaksóknara 25. janúar 2017, RS 3/2017.

<sup>32</sup> Á sínum tíma var sú ákvörðun tekin að haga málum þannig á Gardemoen alþjóðaflugvellinginum í Osló að ef svo atvikaðist að komufarþegi var staðinn að því að framvísa fölsuðum eða annarra manna vegabréfum þá var viðkomandi einstaklingur látinn sæta sekt eingöngu án ákæru enda þótt almenn hegningarlög stæðu til að hann skyldi ákærður og að lögbundin væri fangelsisrefsing ef brot væri sannað. Þannig var í þessu tilviki gripið til undantekningarreglu sem finna má stoð í 2. málsl. 1. mgr. 108. gr. norsku útlendingalaganna (Lov om utlendingers adgang til riket og deres opphold her (utlendingssloven) – nr. 35 frá 15. maí 2008.) sem á við um minni háttar brot og hún látin gilda almennt. Lögreglustjórinn í umdæmi flugvallarins, Romeriki-héraðs, tók þessa ákvörðun og framfylgdi henni. Verði sektin ekki greidd var einstaklingnum án tafar vísað úr landi. Forsendur lögreglustjórans sem væntanlega er stjórnvald sem framfylgja á landamæragæslu voru þær að vegna vantandi fjárveitinga, mannaflaleyfis og tímaskorts væri þessi leið valin. Einnig vægi það þungt að dæmd fangelsisrefsing hefði ekkert upp á sig þar sem plássleysi væri í fangelsunum. Tíma embættisins og mannskap væri betur varið til annarra verka en að undirbúa ákæru og málsókn í þessum brotaflokk. „Mildere straff for falske papirbruk“, <https://www.nrk.no>.

yfirfullra fangelsa og takmarkaðs tíma og mannafla síns hefði það ekkert upp á sig að fara hina lögákveðnu leið almennra hegningarlaga með þennan brotaflokk, þess í stað var gripið til ákvæða útlendingalaga þar sem heimilt er að beita sektum. Þarna mun hafa verið um stefnubreytingu að ræða frá fyrri tíð. Í þessu sambandi mætti velta upp spurningum um valdmörk stjórnvalda sem og þeim sjónarmiðum sem að baki ákvarðanatöku stjórnslunnar. Norskir dómstólar höfðu lagt þá línu að milda ætti refsingar í flóttamannamálum og samfélagið sem og brotamenn gerði kröfu um fljóta afgreiðslu mála.<sup>33</sup> Telja má að eðlilegra væri þegar svona stendur á að löggjafinn og dómstólar stýrðu þarna verki en að framkvæmdavaldið og stjórnslan sæju um að þannig væri búið um hnútana að húsnaði, tími og mannafli væri fyrir hendi svo framfylgja mætti þeirri löggjöf og þeim dómsniðurstöðum sem að þessum málaflokki lýtur. Hér er um mannréttindamálaflokk að ræða sem alþjóðasamfélagið hefur mjög sett á oddinn þessi misserin og stíga verður mjög varlega til jarðar við beitingu opinbers valds gagnvart þeim sem flýja ömurlegar aðstæður sínar í heimalandinu.

## 2.4 Ákvörðun refsingar

### 2.4.1 Almenn um ákvörðun refsingar

*„Með ákvörðun refsingar í viðtækasta skilningi er átt við val milli refsinga og annarra viðurlaga, t.d. hælsvistar skv. 65. gr. hgl., val milli refsitægunda (fésekt, varðhald, fangelsi) og milli skilorðsbundins og óskilorðsbundins refsidóms, og loks ákvörðun um refsihæð innan lögmæltra refsimarka“.*<sup>34</sup> Talið er að eitt meginhlutverk dómstóla sé að ákvarða umfang og eðli refsinga í tilefni af refsiverðri háttsemi. Þegar fyrir liggur að ákvarða refsingu þá hefur löggjafinn veitt dómstólum nokkuð rúmt svigrúm hvað slíkt varðar.<sup>35</sup> Þegar dómstólar hafa komist að niðurstöðu um sakfellingu og standa frammi fyrir ákvörðun refsingar þá þurfa þeir að taka mið af réttarreglum, sem ýmist binda hendur þeirra eða veita leiðsögn um grundvöll niðurstöðu, og svo þurfa þeir að styðja dóm sinn fullnægjandi rökum.<sup>36</sup>

---

<sup>33</sup> „Mildere straff for falske papirbruk“, <https://www.nrk.no>.

<sup>34</sup> Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 244.

<sup>35</sup> Róbert Ragnar Spanó: „Um refsíakvarðanir og réttarvitund almennings“, bls. 21.

<sup>36</sup> Jónatan Þórmundsson: „Rökstuðningur refsíakvörðunar“, bls. 11.

#### 2.4.2 Almennar refsíákvörðunarástæður

Ekki er hægt að segja að eitthvað eitt sjónarmið ráði ákvörðun refsinga hverju sinni. Talið er að bæði almennar og sérstakar varnaðarástæður geti legið til grundvallar refsíákvörðun í máli. Það er þó mismunandi að vægi eftir brotategundum, eðli brotsins og högum hins brotlega. Þá ber sömuleiðis að meta refsihæð hverju sinni eftir öllum atvikum máls og persónulegum högum sökunauts, að því leyti sem það á við.<sup>37</sup> Við val á viðurlagategundum og um skilorðsákvörðun í dómi, í ljósi sérstakra varnaðarástæðna og félagslegrar endurreisnar hafa einstaklingsbundin sjónarmið mest gildi í sambandi við meiriháttar viðurlagaákvörðanir.<sup>38</sup>

### 3 Skjalabrot samkvæmt XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940

#### 3.1 Almenn um skjalabrot

Um skjalabrot er fjallað í kafla XVII. alm. hgl. með yfirskriftinni „Skjalafals og önnur brot, er varða sýnileg sönnunargögn“. Í lagaskilningi eru skjalabrot talin vera hagnaðarbrot eða svokölluð ávinningsbrot og felur verknaðarlýsing þannig brota í sér öflun fjárhagslegs ávinnings, með gáleysi eða ásetningi í þá veru. Talið er að hagnaðarhvöt ráði miklu um framningu brota í XVII. kafla alm. hgl., sem svo hefur áhrif á ákvörðun refsinga, þó svo að fjárhagslegur ávinningur sé ekki í formlegri verknaðarlýsingu kaflans.<sup>39</sup>

##### 3.1.1 Hugtakið skjal

Hugtakið skjal er skilgreint í orðabók sem ritað plagg eða gagn, handrit af margskonar gerð eða bréf, skýrsla og skrá.<sup>40</sup> Til samanburðar má líta á þau skilyrði sem danski fræðimaðurinn Stephan Hurwitz tilgreindi sem þurfi að vera til staðar svo skjal geti talist skjal í skilningi eldri skjalafalsákvæða dönsku hegningarlaganna. Skjalið þarf í fyrsta lagi að vera skriflegt. Það er að segja að það innihaldi einhvers konar stafi, handskrifaða eða prentaða raf- eða vélrænt. Skjalið sem skrifað er á þarf ekki að vera í ákveðnu formi eða gerð. Það inniheldur texta eða tilvísun ásamt undirskrift.<sup>41</sup> Til að mynda eru skráningarmerki vélknúinna ökutækja talin vera skjöl í skilningi laganna en að því gefnu að útgefandi merkjanna sé þekktur eða

---

<sup>37</sup> Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 251.

<sup>38</sup> Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 253.

<sup>39</sup> Jónatan Þórmundsson: „Einkenni auðgunarbrot: tengsl þeirra innbyrðis og við önnur brot“, bls. 406 og 407.

<sup>40</sup> Íslensk orðabók, bls. 867.

<sup>41</sup> Stephan Hurwitz: *Den danske kriminalret, special del*, bls. 129.

tilgreindur á þeim.<sup>42</sup> Í nýlegum dómi *Hérd. Austl. 30. júní 2016 (S-7/2016)* kom fram að í dómaframkvæmd hafi skráningarmerki bifreiðar verið talið „skjal“ í skilningi ákvæða almennra hegningarlaga og að skilyrði þess að um falsað skjal verði talið að ræða er að því hafi verið breytt með einhverjum hætti.<sup>43</sup> Í dómnum var dómþoli sakfelldur:

Fyrir blekkingarbrot með því að hafa fyrir akstur bifreiðar, án heimildar og í blekkingarskyni, tekið burt límmiða skoðunarmanns, sem á stóð „notkun bönnuð“, af skráningarmerki bifreiðarinnar. Varðaði brotið 157. gr. alm. hgl. þar sem því er lýst að refsivert sé að nota ófalsað skjal, svo sem það varðaði annan mann en þann sem það á við, eða með öðrum hætti gagnstætt því sem til var ætlast, sé það gert til þess að blekkja með því í lögskiptum. Einnig kemur fram að í langri dómaframkvæmd hefur það verið talið varða við 157. gr. alm. hgl. er skráningarmerki bifreiðar eru færð á aðra bifreið sem bera á annað skráningarnúmer.

Einnig þarf skjalið að vera merkt eða bera einkenni útgefanda. Ekki er nauðsynlegt að það sé merkt sérstaklega með undirskrift þess sem gefur það út heldur aðeins að það komi einhversstaðar fram í texta eða utan hans.<sup>44</sup> Í greinargerð með almennum hegningarlögum kemur fram varðandi 155. gr. laganna, að ekki er ætlast til, að hugtakið skjal sé skýrt á annan hátt en áður hafi verið. Skjalið verður að vera þess efnis og þannig úr garði gert, að unnt sé að blekkja með því í lögskiptum.<sup>45</sup>

Til samanburðar þá er að finna, í 29. kafla norsku hegningarlaganna, refsíákvæði vegna skjalafals og misnotkunar persónuskilríkja.<sup>46</sup> Meginmarkmið þessara viðurlagareglna er að tryggja að bæði einstaklingar og yfirvöld geti treyst því að þær upplýsingar sem skjal er sönnun fyrir séu réttar. Sýni aðili ökuskírteini sitt við umferðareftirlit verður lögreglan að geta treyst því að um sé að ræða ósvikið ökuskírteini sem útgefið er af Umferðarstofu ríkisins og að ökumaðurinn sé réttur handhafi þess. Til að gefa þessum sjónarmiðum vernd beinist verknáðalýsing refsíákvæðanna í 29. kafla einkum að þeim sem falsar viðkomandi skjöl sem og að þeim sem notar þau.<sup>47</sup>

---

<sup>42</sup> Stephan Hurwitz: *Den danske kriminalret, special del*, bls. 130.

<sup>43</sup> Í *Hrd. 17. nóvember 2011 (103/2011)*, *Hrd. 25. október 2012 (89/2012)*, *Hrd. 7. nóvember 2013 (471/2013)* og *Hrd. 1. október 2015 (799/2014)* var sakfelld fyrir skjalafals skv. ákvæðum alm. hgl. með því að hafa ýmist í heimildarleysi og blekkingarskyni sett skráningarmerki bifreiðar yfir á aðra bifreið.

<sup>44</sup> Stephan Hurwitz: *Den danske kriminalret, special del*, bls. 130.

<sup>45</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 381-382.

<sup>46</sup> Lov om straff (straffeloven) – nr. 28 frá 20. maí 2005. Lögin tóku gildi 1. október 2015 en eldri norsku hegningarlögin nefndust almindelig borgerlig straffelov (straffeloven) og voru nr. 10 frá 22. maí 1902. Yfirskrift kaflans í lauslegri þýðingu höfundar er: „Öryggi og áreiðanleiki mynta og ákveðinna skjala.“

<sup>47</sup> Steinar Fredriksen: *Norm, skyldkrav og straffetrussel*, bls. 357.

### 3.2 Flokkun skjalabrota

Meginmarkmið með flokkun afbrota í refsirétti er að auka innsýn og yfirsýn þeirra sem þurfa að kynna sér allan þann fjölda reglna sem nútíma refsilög hafa að geyma. Með flokkun afbrota er átt við kerfisbundinn samanburð á efni og uppbyggingu refsíákvæða.<sup>48</sup>

#### 3.2.1 Verndarhagsmunir XVII. kafla

Sú refsivernd sem ákvæði í kafla XVII. alm. hgl. veitir er til komin vegna hagsmuna einstaklinga og lögaðila sem verða fyrir barðinu á fölsunarbrotum, það er sem viðtakendur skjals. Auk þess miða þau að því að vernda hagsmuni viðskiptalífsins og viðskiptaöryggis manna á milli og að sjálfsögðu þannig að í viðskiptum og dómsmálum þeim tengdum sé hægt að treysta heimildargildi og sönnunargildi skjala.<sup>49</sup>

#### 3.2.2 Verknaðaraðferðir/Fullframningarstig

Verknaðaraðferðir eru taldar lýsa athöfnum sem eru saknæmar, stundum með athafnaleysisísvafi eins og blekkingum eða svikum.<sup>50</sup> Talið er að fölsun sem verknaðaraðferð sé alla jafna einskorðuð við skjöl og merki í rúmri merkingu, sbr. XVI. og XVII kafla alm. hgl. Er fölsunin einnig fyrst og fremst talin vera verknaðaraðferð við ákveðin tjónsbrot, þar sem fullframningarstig þeirra er fært fram en fölsunin sjálf er yfirleitt ekki refsiverð sem slík.<sup>51</sup> Samanber *Hrd. 2005, bls. 4488 (357/2005)* þar sem J og S voru ákærð fyrir fjársvik og skjalafals, auk þess sem S var gefið að sök brot gegn h-lið 2. mgr. 57. gr. laga um útlendinga nr. 96/2002<sup>52</sup> með því að hafa haft meðferðis við komuna til landsins falsað vegabréf. Fyrir hæstarétti benti ákærvaldið á að:

Verknaðarlýsing brotsins í ákæru væri áfátt hvað varðaði skjalafals skv. 155. gr. alm. hgl. enda væri þar einvörðungu lýst að ákærða S hafi haft meðferðis umrætt vegabréf, en þess hvergi getið að hún hafi framvísað því eða notað það. Á það féllst Hæstiréttur enda er brot samkvæmt 155. gr. alm. hgl. fyrst fullframið þegar skjal er notað.

---

<sup>48</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð 1*, bls. 57.

<sup>49</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð 1*, bls. 61. Jónatan greinir einnig frá þessu í *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 171.

<sup>50</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð 1*, bls. 36.

<sup>51</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og Refsíabyrgð 1*, bls. 70.

Þó má nefna sem dæmi undantekningu frá því í 2. mgr. 91. gr. alm. hgl.

<sup>52</sup> Þess ber að geta að 57. gr. gömlu útlendingalaganna nr. 96/2002 er í samræmi við 116. gr. gildandi laga um útlendinga nr. 80/2016.

Er þá blekkingin einnig talin verknaðaraðferð beint eða óbeint í flestum fölsunarbrotum.<sup>53</sup> Brotið getur þannig verið talið fullframið við notkun hins falsaða skjals í blekkingarskyni og það er ekki skilyrði refsíabyrgðar að brotþoli hafi látið blekkjast vegna háttseminnar. Auðgunar- eða ásetningartilgangur til að baka öðrum tjón þarf jafnframt ekki að vera fyrir hendi svo að brotið teljist refsivert.<sup>54</sup> Þess ber að geta að skv. h. lið 2. mgr. 116. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016<sup>55</sup> varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef maður hefur í vörslum sínum falsað vegabréf, fölsuð skilríki eða falsaða vegabréfsáritun, sbr. *Hérd. Reykn. 17. nóvember 2017 (S-418/2017)* þar sem J var sakfelldur fyrir brot gegn útlendingalögum, með því að hafa haft í vörslum sínum breytifalsað vegabréf, frá Indlandi, sem fannst í farangri hans í flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þótti refsing J réttilega ákveðin 150.000 króna sekt og kæmi tólf daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

#### 4 Skjalafals

Undanfarin ár hafa forsendur og niðurstöður nokkurra dóma verið verið á annan veg en í þeim dómum sem fylgt hafa dómvenjunni í þessum málaflokki. Það getur því verið fróðlegt að bera saman dómaframkvæmd síðustu ára og kanna hvort þær breytingar sem þar má sjá haldist. Í ferðaskilríkjamálum er varða 155. gr. og 157. gr. alm. hgl. hefur dómvenjan verið sú að sá sem notar falsað ferðaskilríki fær yfirleitt 30 daga fangelsi. Með vísan til eðlis brotsins og með hliðsjón af almennum varnaðaráhrifum refsinga hafa ekki verið talin efni til að skilorðsbinda refsinguna.<sup>56</sup> Þrátt fyrir að segja megir að framkvæmdin hafi verið stöðug þá hafa dómárátt horft, hvað þetta varðar, á ólík sjónarmið í dómum sínum í gegnum tíðina.<sup>57</sup> Hér

---

<sup>53</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og Refsiabyrgð 1*, bls. 70.

Sjá til að mynda 161. gr. alm. hgl.

<sup>54</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 381-382. Einnig má nefna að í *Hrd. 1966, bls. 83 (6/1965)* var notkun falsaðs skjals talin nægja til refsingar þó að ætlunarverk kærðu hafi ekki tekist.

<sup>55</sup> Í Þskjl. 1180, 145. lögb. 2015-2016, bls. 174 (enn óbirt í A-deild Alþt.) segir um 116. gr. núgildandi laga um útlendinga nr. 80/2016 að í greininni komi fram hvaða háttsemi skuli refsiverð skv. lögnum, hver refsiramminn sé og hverjar séu saknæmiskröfurnar. Einnig kemur fram eins og áður hefur komið fram að hún sé í samræmi við 57. gr. gildandi laga um útlendinga (Hér er átt við eldri útlendingalög nr. 96/2002).

<sup>56</sup> Þessar forsendur má finna í allmörgum dómum, m.a. í *Hrd. 9. október 2014 (680/2013)*. Í *Hrd. 450/2003, 451/2003, 452/2003, 453/2003 og 454/2003, á bls. 4492-4527 í dómasafni Hæstaréttar 2003* reyndu dómárátt að skilorðsbinda refsingu ákærðu en því var áfrýjað og snúið við í Hæstarétti. Í *Hrd. 4. maí 2006(86/2006)* skilaði einn dómara réttarins sératkvæði og vildi skilorðsbinda refsingu ákærða. Dómar þar sem ekki var áfrýjað skilorðsbundinni refsingu í málum er varða skjalafals eru til dæmis *Hérd. Reykn. 15. desember 2016 (S-209/2016)* og *Hérd. Reykn. 15. desember 2016 (S-220/2016)*

<sup>57</sup> Til samanburðar þá er fróðlegt að sjá að í norskum dómi *Rt. 2007, bls. 7* sem varðaði ákvörðun refsingar vegna framvísun á fölsuðu vegabréfi frá Írak samkvæmt 1. mgr. 181. gr. norsku hegningarlaganna benti

verður því reynt að fjalla um refsingar í dómum sem fallið hafa vegna skjalafals í tengslum við ferðaskilríki síðustu ár.

#### 4.1 Refsiákvæði 155. gr. alm. hgl.

Notkun falsaðra skjala í blekkingarskyni er gerð refsiverð í 155. gr. alm. hgl.<sup>58</sup> Í 1. mgr. greinarinnar segir að hver, sem noti falsað skjal til þess að blekkja með því í lögskiptum, skuli sæta fangelsi allt að 8 árum. Í 2. málsl. 1. mgr. sömu greinar segir að það skuli metið refsingu til þyngingar, ef skjalið er notað sem opinbert skjal. Í athugasemdum greinargerðar frumvarps til almennra hegningarlaga kemur eftirfarandi fram:

Falsað telst skjal, ef það með því efni, sem það hefur að geyma, stafar ekki frá þeim einstaklingi eða lögaðila, sem það gefur sjálf til kynna, að það stafi frá, eða vitað er um, að það á að stafa frá.<sup>59</sup>

Þá er í 3. mgr. 155. gr. alm. hgl. að finna refsilækkunarheimild. Þar kemur fram að hafi aðeins verið um lítilræði að tefla, eða miklar málsbætur séu að öðru leyti, einkum ef fremjandi hefur ekki ætlað að baka öðrum tjón, má beita fangelsi allt að 1 ári eða sektum. Í *Hrd. 4. maí 2006(86/2006)* kom 3. mgr. 155. gr. alm. hgl. til skoðunar í sératkvæði en málið varðaði falsað vegabréf:

C, sem kvaðst vera 25 ára nígerískur ríkisborgari, hafði játað að hafa við komu til landsins haft meðferðis falsað breskt vegabréf og framvísað því við innritun á farfuglaheimili. Hann var dæmdur fyrir það brot til 30 daga óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar.

---

Hæstiréttur á að séu tekin mið af ríkum almennum varnaðaráhrifum refsingar ætti almennt séð að beita stuttum óskilorðsbundnum fangelsisrefsingum við misnotkun vegabréfs. Með tilliti til mildandi aðstæðna var refsing í þessi tilviki samt ákvörðuð í 21 dags skilorðsbundið fangelsi og óskilorðsbundin sekt að fjárhæð 4000 nkr., með 5 daga fangelsi sem vararefsingu.

<sup>58</sup> Í staflíðum a, b og c 1. mgr. 361. gr. norsku hegningarlaganna er að finna viðmiðun um hvað teljist refsiverð fölsun. Í 2. mgr. sömu greinar er að finna lagalega skilgreiningu á því hvað sé átt við með hugtakinu skjal þegar það er notað í 29. kafla laganna. Í 362. gr. norsku hegningarlaganna er er að finna refsilækkunarreglu sem lækkar refsirammann þegar skjalafölsunin er eins og getið er um í 1. mgr. 361. gr. sömu laga, eða ekki jafn alvarleg fölsun. Í kaflanum er einnig tilgreint ákveðin viðmið um hvernig ákvarðað er hvort fölsunin teljist ekki jafn alvarleg. Steinar Fredriksen: *Norm, skyldkrav og straffetrussel*, bls. 357-358.

Ákvæði 361. gr. norsku hegningarlaganna hljóðar svo: Med bot eller fengsel inntil 2 år straffes den som a) ettergjør eller forfalsker et dokument, eller anskaffer et ettergjort eller forfalsket dokument med forsett om bruke det eller la det fremstå som ekte eller uforfalsket, b) rettsstridig bruker et dokument som nevnt i bokstav a og lar det fremstå som ekte eller uforfalsket, eller c) utsteder et dokument og uriktig tillegger seg en stilling som er av vesentlig betydning for dokumentets bevisverdi, og lar dokumentet fremstå som riktig. Med dokument menes i dette kapittel en informasjonsbærer som gjelder et rettsforhold eller ellers egner seg som bevis for et rettsforhold. Ákvæði 362. gr. hljóðar svo: Når straffverdigheten er liten, straffes dokumentfalsk med bot. Ved denne avgjørelsen skal det særlig legges vekt på a) hvilken verdi handlingen gjelder, b) om den har hatt til følge skade eller uleilighet for noen, c) i hvilken utstrekning den er resultat av planlegging.

<sup>59</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 382.

Í málinu er sératkvæði þar sem dómari telur að brot ákærða ætti að falla undir 3. mgr. 155. gr. alm. hgl. þar sem ákærði sé í málinu ekki sakaður um að hafa notað hið falsaða vegabréf til að komast inn í landið, heldur framvísaði hann því við innritun á gistiheimili. Í sératkvæðinu segir svo:

Í þessu máli er ákærði ekki sakaður um að hafa notað hið falsaða vegabréf til að komast inn í landið, enda virðist hann þá ekki hafa þurft að framvísa vegabréfi. Er honum í I. kafla ákæru einungis gefið að sök að hafa haft vegabréfið meðferðis við komuna til landsins, þannig að varði við h-lið 2. mgr. 57. gr. laga nr. 96/2002 um útlendinga. Skjalafalsbrotið í II. kafla ákærunnar, sem talið er varða við 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, felst í því að ákærði framvísaði hinu falsaða vegabréfi við innritun á gistiheimili. Þetta brot er að mínum dómi þess háttar að 3. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga á við.

Þess ber að geta að dómari var sammála meirihluta dómenda um að staðfesta ætti niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sakfellingu ákærða og 30 daga fangelsi en að refsingin ætti að vera skilorðsbundin.

#### **4.2 Misnotkun skjala samkvæmt 157. gr. alm. hgl.**

Í 157. gr. alm. hgl. er að finna ákvæði sem fjallar um misnotkun skjala. Í ákvæðinu segir að noti maður ófalsað skjal svo sem það varðaði annan mann en þann, sem það á við, eða með öðrum hætti gagnstætt því, sem til var ætlast, og þetta er gert til þess að blekkja með því í lögskiptum, þá varði það sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Ákvæðið var sett til þess að koma í veg fyrir að menn misnoti skjöl vegna samnefna. Það á við ef maður notaði vegabréf annars manns eins og sitt eigið.<sup>60</sup> Í *Hrd. 13. mars 2008 (30/2008)* var:

P sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 1. mgr. 157. gr. alm. hgl., með því að hafa framvísað pólsku vegabréfi á nafni H í blekkingarskyni og fengið þannig afhent dvalarleyfi frá Útlendingastofnun á nafni H, sem P hafði áður sótt um og fyrir að hafa í sama skipti falsað undirskrift H á móttökukvittun til lögreglu. Upphaf málsins var þannig að lögreglunni á Fáskrúðsfirði hafði borist ábendingar um að ákærði, P, villti á sér heimildir. Við ákvörðun refsingar var horft til þess að ekki lægi fyrir að P hafi áður gerst sekur um refsiverða háttsemi og refsing hans ákveðin fangelsi í tvo mánuði.

#### **4.3 Refsiákvörðunarástæður**

##### *4.3.1 Til hvaða atriða horfa dómstólar við ákvörðun refsingar í fölsunarmálum*

Til að sjá betur hvaða atriði dómstólar hér á landi horfa á við ákvörðun refsinga verða hér skoðaðir nokkrir athyglisverðir dómar. Hér er gott að horfa til ólíkra sjónarmiða héraðsdóms

---

<sup>60</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 382

og Hæstaréttar í *Hrd.* 2003, bls. 4492 (449/2003)<sup>61</sup> en í málinu var 25 ára kínverskur ríkisborgari sakfelldur fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. alm. hgl. með því að hafa við vegabréfaskoðun framvísað fölsuðu vegabréfi og komið þannig til landsins án gildra ferðaskilríkja. Leit héraðsdómur til refsilækkunarsjónarmiða 3. mgr. 155. gr. alm. hgl. og féllst á það með varnaraðila að ákærða væri hugsanlegt fórnarlamb mansals, tekið var tillit til aldurs ákærða og hreinskilnislegrar játningar. Í forsendum héraðsdóms kemur þetta fram:

Þótt vissulega megi færa gild rök fyrir því að skilorðsbundin fangelsisrefsing fyrir brot af þessu tagi, framið af erlendum ríkisborgara, sem fyrir liggur að verður vísað úr landi að lokinni dómsmeðferð, þjóni eðlis máls samkvæmt litlum eða engum varnaðartilgangi, verður að gæta sömu sjónarmiða og gagnvart íslenskum ríkisborgurum, sem fundnir eru sekir um sams konar eða keimlík brot. Er löng hefð fyrir því að refsing fyrir fyrsta brot gegn skjalafalsákvæði almennra hegningarlaga, þar sem ekkert fjártjón verður af háttseminni og viðkomandi hefur ekki sakaferil, er að öðru jöfnu ákvörðuð skilorðsbundin. Þótt stemma verði stigu við ólöglegum flutningi fólks af ólíku þjóðerni inn á íslenskt yfirráðasvæði, hvort heldur sem er til dvalar hér á landi eða vegna millilendingar á leið til annarra áfangastaða, er ekki unnt að gera ákærðu að blóraböggli fyrir mun alvarlegri glæpi þeirra sem stóðu að ferð hennar. Ákærða var fórnarlamb þeirra og verður henni ekki fórnað öðru sinni, öðrum til viðvörunar.

Var niðurstaða dómsins að skilorðsbinda refsinguna. Hæstiréttur taldi, ólíkt undirrétti að aðstæður og ástæður ákærðu gætu ekki komið til sem refsileysisástæður. Þá kemur þetta fram í dómi Hæstaréttar:

Þótt ekki sé dregið í efa að ákærða hafi viljað leita sér betra lífs og keypt vegabréfið af einhverjum, sem gerðu sér aðstöðu hennar að féþúfu, verður ekki fram hjá því horft að hún notaði hið falsaða skjal í þeim tilgangi að komast ólöglega inn í annað land. Ákærða er hins vegar ung að árum og ekkert liggur fyrir um að hún hafi áður gerst sek um refsiverða háttsemi. Þegar til alls framan ritaðs er litið er refsing hennar hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi. Af hálfu ákærðu hefur því verið haldið fram að við ákvörðun refsingar vegna skjalafalsbrots hafi dómstólar að jafnaði skilorðsbundið refsinguna, þegar um fyrsta brot er að tefla og ekki hefur hlotist tjón af háttseminni. Brot ákærðu verður ekki lagt að jöfnu við slík brot, enda eru skjalafalsbrot af margvíslegum toga og við ákvörðun refsingar er í hverju tilviki litið til margra atriða. Þegar eðli brotsins er virt, hversu alvarlegt það er og litið til almennra varnaðaráhrifa refsinga eru ekki efni til að skilorðsbinda refsingu hennar.

Það má sjá í dómnum að við ákvörðun refsingar þá lítur Hæstiréttur á brot af þessu tagi alvarlegum augum og slær því m.a. föstu að vegabréf sé opinbert skjal sem miklu skiptir að treysta megi í samskiptum manna og þjóða. Metur hann refsingu til þyngingar að falsað skjal sé notað sem opinbert skjal eins og fram kemur í 1. mgr. 155. gr. alm. hgl. Hæstiréttur virðir

---

<sup>61</sup> Sjá einnig *Hrd.* 450/2003, 451/2003, 452/2003, 453/2003 og 454/2003, á bls. 4492-4527 í dómasafni Hæstaréttar 2003. Í framangreindum dómum voru málsatvik og niðurstöður á sama veg.

þar af leiðandi eðli brotsins, hversu alvarlegt það er og lítur til almennra varnaðaráhrifa refsinga og þótti refsing hæfilega ákveðin 30 daga óskilorðsbundið fangelsi.

Algennt er í málum hérlendis, er varða vegabréfafölsun að refsing sé óskilorðsbundin meðal annars með hliðsjón af almennum varnaðaráhrifum refsinga.<sup>62</sup> Það má velta því upp hvort óskilorðsbundinn fangelsisdómur hafi þau áhrif sem ætlast er til á þann einstakling, sem oft á tíðum er að flýja aðstæður í heimalandi sínu og hefur lagt mikið á sig til að útvega sér fölsuð skilríki sem og ferðast langar vegalengdir að heiman frá sér til þess eins að eignast betra líf annarsstaðar.

#### 4.3.2 Refsiákvörðunarsjónarmið

Allur samanburður á refsimati dómstóla er erfiður og ónákvæmur enda eru engin tvö mál eins.<sup>63</sup> Við ákvörðun refsingar er ekkert eitt sjónarmið sem ræður mati heldur þarf í hvert sinn að meta refsihæð eftir öllum atvikum máls og persónulegum högum sökunauts.<sup>64</sup> Rétt er að skoða þau sjónarmið sem horft er til við ákvörðun refsingar í fölsunarmálum hér á landi. Til dæmis þegar hinn brotlegi er ungur að aldri<sup>65</sup> og kemur til landsins á fölsuðum skilríkjum.

Lögmæltar refsíákvörðunarástæður er að finna í 70. gr. alm. hgl. og eru þau atriði sem þar er að finna flest matskennd, en með misjöfnum hætti þó. Á einkum að taka þau til greina þegar hegning er tiltekin. Þau atriði sem ræðir eru meðal annars þau sem tilgreind eru í 1.tölul. greinarinnar: Hversu mikilvægir þeir hagsmunir voru sem brotið hefur beinst að, í 2.tölul.: Hversu yfirgripsmiklu tjóni það hefur valdið, í 3. tölul.: Hversu mikil hætta var búin af verkinu, í 4. tölul.: Aldur þess, sem að verkinu er valdur, í 5. tölul.: Hegðun hans að undanfögnu, 6. tölul.: Hversu styrkur og einbeittur vilji hans hefur verið, 7. tölul.: Hvað honum hefur gengið til verksins og 8. tölul.: Hvernig framferði hans hefur verið, eftir að hann hafði unnið verkið. Í tölulið 1-3 er að finna atriði er tengjast hinum refsiverða verknaði en þar sem ekkert þeirra atriða í ákvæðinu tekur beinlínis til aðstæðna brotaþola, er talið að atriðin í

---

<sup>62</sup> Í nýlegum dómum *Hérd. Reykn. 7. desember 2017 (S-413/2017)* og *Hérd. Reykn. 7. desember 2017 (S-357/2017)* var refsing meðal annars ákveðin 30 daga óskilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa framvísað fölsuðum vegabréfum í landamæraeftirliti.

<sup>63</sup> Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 250.

<sup>64</sup> Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 251.

<sup>65</sup> Þessu tengdu má sjá fyrirmæli Ríkissaksóknara frá 25. janúar 2017 varðandi afgreiðslu mála vegna þjófnaðar í verzlun. Þar er meðal annars fjallað um afgreiðslu mála þegar um unga brotamenn á aldrinum 15-17 ára er að ræða. Kveður þar á um að við fyrstu afgreiðslu er fallið frá saksókn skv. a- og d- liðum 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Við aðra afgreiðslu er ákærufrestun í 2 ár. Þriðja afgreiðsla felur í sér sektargerð og fjórða afgreiðsla ákæra. RS: 5/2017

1-3. tölul. geti átt við þær beint eða óbeint eins og æska brotapolá.<sup>66</sup> Í *Hrd. 2002, bls. 4061 (350/2002)* má sjá hvernig dómstólar beita umræddum töluliðum við ákvörðun refsingar. Í málinu voru A og B ákærðir fyrir skjalafals með því að hafa ásamt X staðið saman að því að framvísa til sölu 36 fölsuðum verðtryggðum húsbréfum Íbúðalánasjóðs. Þeir voru dæmdir hver um sig í óskilorðsbundið fangelsi í 2 ár. Í forsendum héraðsdóms sem Hæstiréttur staðfesti kom fram að:

Skipulagning og framkvæmd brota ákærðu bera vott um styrkan brotavilja þeirra og þeir frömdu brot sín í sameiningu. Brot ákærðu beindust að húsnæðislánakerfi landsmanna og varðaði þannig mjög mikilvæga hagsmuni. Allt er þetta virt ákærðu til refsipýngingar, sbr. 1. og 6. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Til þýngingar við refsíákvörðun ber einnig að hafa hliðsjón af 2. málslíð 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.

Í 74. gr. alm. hgl. er að finna refsilækkunarástæður. Þar segir meðal annars að refsingu þá, sem í lögum er lögð við broti, megi færa niður úr lágmarki því, sem þar er ákveðið, þegar svo standi á. Segir til að mynda í 2. tölul. að lækka megi refsimat þegar brot er drýgt af manni, sem þá er ekki fullra 18 ára að aldri, og álíta megi vegna æsku hans, að full refsing sé ónaúðsynleg eða skaðleg.

Í dómum sem varða fölsun á ferðaskilríkjum eru þau refsíákvörðunarsjónarmið, sem hér að ofan eru nefnd, ekki fyrirferðarmikil en þó er hægt að sjá að þau eru oft nefnd í forsendum dómanna, sbr. *Hrd. 9. október 2014 (680/2013)* þar sem S, afgangur ríkisborgari, var sakfelldur fyrir skjalafals skv. 1. mgr. 155. gr. alm. hgl. með því að hafa framvísað fölsuðu vegabréfi í vegabréfaskoðun við komuna til landsins í september 2013. Í málinu var deilt um raunverulegan aldur ákærða en uppgefinn aldur hans var 17 ár og tveir mánuðir. Í héraðsdómi unnu tveir tannlæknar rannsókn á grundvelli tannfræðilegra gagna um ákærða til aldursgreiningar hans og var mat þeirra að ákærði væri eldri en tvítugur og sennilega nær þrítugu. Í Hæstarétti var lögð fyrir dóminn rannsókn norsks læknis frá 29. nóvember 2012 á aldri ákærða þar sem fram kom að ákærði var á þeim tíma talinn vera 18 ára en hann gæti þó bæði verið yngri og eldri. Í dómnum var það lagt til grundvallar að ákærði væri allavega orðinn átján ára gamall og í forsendum héraðsdóms sem Hæstiréttur staðfesti segir að:

Við ákvörðun refsingar er litið til þess að ákærði hefur gengist við broti sínu. Þá er litið til þess að ekkert liggur fyrir um það að ákærði hafi áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Með hliðsjón af framangreindu og dómaframkvæmd þýkir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í

---

<sup>66</sup> Jónatan Þórmundsson: „Ákvörðun refsingar“, bls. 255.

30 daga. Með hliðsjón af áralangri dómvenju og aldri ákærða þykja ekki vera efni til að skilorðsbinda refsinguna.

Í þessu máli má sjá að við ákvörðun refsingar var litið til aldurs ákærða og dómvenju og vegna þessa þóttu ekki efni til að skilorðsbinda refsinguna. Hér horfir dómurinn til þess að ákærði hafði þegar hann framdi brotið náð 18 ára aldri og þar af leiðandi væri ekki ástæða fyrir vægari refsingu.<sup>67</sup>

#### 4.4 Refsileysi samkvæmt lögum

Breytt réttarviðhorf í málefnum útlendinga hafa undanfarið verið að ryðja sér til rúms í samfélaginu.<sup>68</sup> Hvað þjóðfélagsumræðuna varðar er talið að vilji meirihluta þjóðarinnar eigi að endurspeglast í þeirri löggjöf sem sett er hverju sinni og hlutverk löggjafans sé meðal annars að sjá svo til að sú verði raunin.<sup>69</sup> Það er svo spurning hvort löggjafanum takist það en henni verður ekki svarað hér. Helsta breytingin í tédum málaflokki felst í heildarendurskoðun á útlendingalögnum og setningu laga nr. 80/2016 um útlendinga, sem gildi tóku 1. janúar 2017.<sup>70</sup> Frumvarp til laganna var samið á vegum innanríkisráðuneytisins og þverpólitískrar þingmannanefndar um málefni útlendinga.<sup>71</sup> Sú breyting sem af lagasetningunni leiddi og varðar ólöglega komu útlendinga til landsins er lögfest í 32. gr. útlendingalaganna sem er

---

<sup>67</sup> Í *Hrd. 15. nóvember 2012 (431/2012)* var einnig deilt um aldur ákærða, B, sem sagðist vera 16 ára gamall. B var ákærður fyrir skjalafals með því að hafa í kjölfar komu sinnar til landsins framvísað við lögreglu í blekkingarskyni frönsku vegabréfi sem reyndist falsað. Lögð var fyrir dóminn skýrsla tannlæknadeildar HÍ um aldursgreiningu sem framkvæmd var á ákærða og kom fram í niðurstöðukafla að nokkuð jafnar líkur séu á því að B væri eldri eða yngri en 18 ára.

<sup>68</sup> Í 3. gr. útlendingalaga nr. 80/2016 eru skilgreiningar nokkurra mikilvægra hugtaka sem er gott að hafa til hliðsjónar:

*Alþjóðleg vernd:* Vernd sem stjórnvöld veita einstaklingi sem hingað leitar og fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru í A-lið 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna, vernd sem veitt er á grundvelli reglna um viðbótarvernd og vernd veitt ríkisfangslausum einstaklingum samkvæmt samningi um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga frá 1954.

*Flóttamaður:* Útlendingur sem er utan heimalands síns eða ríkisfangslaus einstaklingur sem er utan þess lands þar sem hann hafði reglulegt aðsetur vegna þess að hann hefur ástæðuríkan ótta um að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða vegna stjórnmalaskoðana og getur ekki eða vill ekki vegna slíks ótta færa sér í nyt vernd þess lands. Þeir einstaklingar sem falla undir viðbótarvernd teljast einnig flóttamenn samkvæmt lögum þessum.

*Flóttamannasamningurinn:* Alþjóðasamningur um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951, sbr. bókun við samninginn frá 31. janúar 1967.

*Umsækjandi um alþjóðlega vernd:* Útlendingur sem óskar eftir viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður eða ríkisfangslaus einstaklingur hér á landi.

<sup>69</sup> Róbert Ragnar Spanó: „Um refsíakvarðanir og réttarvitund almennings“, bls. 21.

<sup>70</sup> Markmiðið með heildarendurskoðun gömlu útlendingalaganna var að koma til móts við þarfir samfélagsins sem og einstaklinga og tryggja að mannúð, jöfnuður og skilvirkni ríki við meðferð stjórnvalda í málefnum útlendinga hér á landi. Þá voru kaflar um alþjóðlega vernd endurskoðaðir og uppfærðir í samræmi við alþjóðlega, evrópska og norræna þróun. Þskjl. 1180, 145. lögb. 2015-2016, bls. 69 (enn óbirt í A-deild Alpt.).

<sup>71</sup> Þskjl. 1180, 145. lögb. 2015-2016, bls. 66 (enn óbirt í A-deild Alpt.).

nýmæli í lögunum.<sup>72</sup> Ákvæðið fjallar eins og áður segir um refsileysi vegna ólöglegar komu eða falsaðra eða stolinna skilríkja. Þar kemur fram að umsækjanda um alþjóðlega vernd sem kemur ólöglega hingað til lands eða dvelst hér á landi án heimildar verður í samræmi við 31. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna<sup>73</sup> ekki refsað geti hann sýnt fram á að hann komi beint frá landsvæði þar sem hann hafði ástæðu til að óttast ofsóknir. Eða ef hann var án ríkisfangs og gat ekki öðlast slíkt. Það er og forsenda að hann gefi sig fram við stjórnvöld eins fljótt og unnt er eða færi ella gildar ástæður fyrir því að hafa ekki gert það. Sem og að hann gefi upp ástæðu sína fyrir ólöglegri komu eða dvöl. Leiki vafi á að ákvæði 1. máls. umræddrar greinar séu uppfyllt skal hann túlkaður umsækjanda í hag.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. samningsins eru skilyrði refsileysis þau að flóttamaðurinn þarf að vera að koma beint frá landi þar sem aðstæður voru fyrir hendi sem skapa grundvöll fyrir veitingu alþjóðlegrar verndar. Annað skilyrðið er eins og áður segir að hann gefi sig fram án ástæðulauss dráttar og beri fram gildar ástæður fyrir hinni ólöglegu komu eða dvöl. Skilyrðið um að hann komi beint frá því svæði sem lífi hans eða frelsi er hætta búin undanskilur ekki ferðalög til lands sem viðkomandi dvaldist í til skemmri tíma.<sup>74</sup>

Í *Hrd. 17. desember 2015 (345/2015)* var sýrlenskur ríkisborgari ákærður fyrir skjalafals með því að hafa við komu sína til landsins framvísað í blekkingarskyni albönsku vegabréfi sem reyndist falsað. Taldist þessi háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 155. gr. alm. hgl. Játaði hann háttsemi sína, en með vísan til 1. mgr. 31. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna, krafðist hann sýknu en til vara að sér yrði ekki gerð refsing. Í dómnum kom fram að:

Þótt fyrrnefndur alþjóðasamningur hafi hér ekki lagagildi er unnt við ákvörðun refsingar ákærða að taka tillit til hans í ljósi þeirrar meginreglu íslensks réttar að leitast skuli við að skýra lög til samræmis við þjóðréttarskuldbindingar ríkisins. Í því sambandi verður að gæta að því að samkvæmt málflutningi af hálfu ákærvaldsins fyrir Hæstarétti er ekki dregið í efa að ákærða megi telja til flóttamanna, svo og að lífi hans eða frelsi hafi verið ógnað í Sýrlandi í skilningi 1. mgr. 31. gr. samningsins. Þótt ákærði hafi ekki ferðast þaðan beint hingað til lands verður ekki ráðið annað af gögnum málsins en að hann hafi ekki gert teljandi hlé á för sinni, svo og að henni hafi verið heitið hingað frá byrjun. Ákærði gaf sig á hinn bóginn ekki tafarlaust fram við stjórnvöld í flugstöð til að bera fram ástæður fyrir komu sinni. Það fær því þó ekki breytt að

---

<sup>72</sup> Þskjl. 1180, 145. lögb. 2015-2016, bls. 110 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

Í athugasemdum við 32. gr. frumvarps Alþingis sem varð að lögum um útlendinga nr. 80/2016 kemur fram að ákvæðið var gert í samræmi við skýrslu nefndar um málefni útlendinga utan Fríverslunarsamtaka Evrópu(EFTA) og Evrópska efnahagssvæðisins(EES) frá júní 2012. Einnig í samræmi við athugasemdir Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, Rauða krossins á Íslandi, UNICEF á Íslandi og fleiri aðila.

<sup>73</sup> Hér eftir verður vísað til alþjóðasamningsins um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 ýmist sem „samningsins“ eða „flóttamannasamningsins“.

<sup>74</sup> Þskjl. 1180, 145. lögb. 2015-2016, bls. 110-111 (enn óbirt í A-deild Alþt.). Athugasemdir við 32. gr. frumvarps Alþingis sem varð að lögum um útlendinga nr. 80/2016.

með tilliti til alls framangreinds, sbr. einnig til hliðsjónar 74. gr. almennra hegningarlaga, er rétt að ákærða verði ekki gerð refsing í máli þessu.

Eins og sjá má þá taldi Hæstiréttur að ákærði uppfyllti þau skilyrði 31. gr. flóttamannasamningsins, að vera flóttamaður í skilningi samningsins. Þannig hefði hann ekki gert teljandi hlé á för sinni frá landi þar sem lífi hans eða frelsi var ógnað. Einnig var för hans heitið hingað til lands frá byrjun. Það þótti svo ekki skipta máli að ákærði hafði ekki gefið sig tafarlaust fram við stjórnvöld. Hæstiréttur er hér að skýra lög til samræmis við þjóðréttarskuldbindingar ríkisins og gerir ákærða ekki refsingu enda eins og áður hefur komið fram þá segir í 31. gr. samningsins að aðildarríkin skulu ekki beita refsingu gagnvart flóttamönnum vegna ólöglegrar komu þeirra til landsins ef þeir koma beint frá landi, þar sem lífi þeirra eða frelsi var ógnað, enda gefi þeir sig tafarlaust fram við stjórnvöld og beri fram gildar ástæður fyrir ólöglegri komu sinni.<sup>75</sup> Hér horfir Hæstiréttur einnig til hliðsjónar á fyrrnefnt refsilækkunarákvæði 74. gr. alm. hgl. en aðstæður ákærða í heimalandi sínu hafa hér eflaust mikið að segja.

Í mörgum nýlegum fölsunarmálum sem upp komu fyrir lögfestingu nýju útlendingalaganna, hefur verið fjallað um 31. gr. flóttamannasamningsins en í fáum tilvikum hefur hún átt við.<sup>76</sup> Þrátt fyrir að skilyrði refsileysis í 31. gr. samningsins hafi sjaldan átt við virtust dómstólar samt sem áður á tímabili, í nokkrum dómum, vera að breyta þeirri áralöngu dómvenju sem hafði tíðkast við ákvörðun refsingar í fölsunarmálum.<sup>77</sup>

#### 4.4.1 Þar sem fjallað er var um 31. gr. flóttamannasamningsins

Í *Hrd. 9. júní 2016 (86/2016)* var H, íraskur ríkisborgari, sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 155. alm. hgl. með því að hafa framvísað við tollgæslu í blekkingarskyni ítölsku vegabréfi með nafni annars manns sem reyndist vera falsað að hluta. H játaði brot sitt en krafðist þess

---

<sup>75</sup> Fyrir liggur að Útlendingastofnun veitti ákærða með ákvörðun 9. júlí 2015 hæli hér á landi samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 96/2002 um útlendinga, svo og dvalarleyfi til fjögurra ára á grundvelli 12. gr. j. sömu laga, sbr. 4. gr. laga nr. 115/2010. Þetta lá ekki fyrir þegar málið var dómtekið 27. apríl 2015 í héraðsdómi. Hvort sem það hafði áhrif á niðurstöðu dómsins eða ekki er ósvarað. Héraðsdómur dæmdi ákærða í 30 daga fangelsi.

<sup>76</sup> Sjá til að mynda *Hrd. 15 nóvember 2012 (430/2012)* þar sem A var ákærður fyrir skjalafals með því að hafa í kjölfar komu sinnar til landsins framvísað við lögreglu í blekkingarskyni frönsku vegabréfi sem reyndist grunnfalsað. A játaði háttsemina en með vísan til 1. mgr. 31. gr. flóttamannasamningsins krafðist hann þess að sér yrði ekki gerð refsing. Ekki var talið að A hefði leitt að því viðhlítandi rök eða lagt fram gögn um að lífi hans eða frelsi væri ógnað í heimalandi hans þannig að hann teldist flóttamaður í merkingu 1. gr. samningsins sbr. 1. og 2. mgr. 44. gr. laga nr. 96/2002 um útlendinga. Sjá einnig *Hrd. 15. nóvember 2012 (431/2012)*.

<sup>77</sup> Þess ber að geta að íslenska ríkið gerðist aðili að samningi sameinuðu þjóðanna um réttarstöðu flóttamanna frá 1951. Aðildarríkin að flóttamannasamningnum skuldbinda sig til að veita flóttamönnum tiltekna réttarvernd. Björg Thorarensen: *Alþjóðlegir mannréttindasamningar sem Ísland er aðili að*, bls. 5.

að sér yrði ekki gerð refsing með vísan til 1. mgr. 31. gr. flóttamannasamningsins. Í dómi Hæstaréttar kom fram að:

Þótt samningur þessi hafi ekki lagagildi hér á landi er unnt við ákvörðun refsingar að taka tillit til hans í ljósi þeirrar meginreglu íslensks réttar að leitast skuli við að skýra lög til samræmis við þjóðréttarskuldbindingar ríkisins. Í því sambandi er þess að gæta að ekki verður vefengt eftir gögnum málsins að ákærði kunni að teljast flóttamaður í skilningi samningsins, en beiðni hans um hæli er til meðferðar hjá Útlendingastofnun, eins og áður greinir. Verður að virða vafa um þetta ákærða í hag. Þá getur ekki skipt máli þótt ákærði hafi ekki ferðast hingað til lands beint þaðan sem lífi hans eða frelsi hafi verið ógnað, en ekki verður talið að hann hafi gert teljandi hlé á för sinni meðan hann beið eftir skilríkjum til að honum væri kleift að halda henni áfram. Loks er þess að gæta að höfð voru afskipti af ákærða þegar við komu til landsins og þykir því ekki skipta máli þótt hann hafi ekki sjálfur tafarlaust gefið sig fram við stjórnvöld hér á landi, en hann bar fram ástæður fyrir ólöglegri komu sinni þegar eftir handtöku. [Leturbreyting höfundar]

Hér virðir Hæstiréttur vafa ákærða í hag við mat á því um hvort hann teljist flóttamaður. Þá telur dómurinn hann ekki hafa gert teljandi hlé á för sinni meðan hann beið eftir skilríkjum til að halda ferð sinni til Íslands áfram. Ákærði greindi frá því að hann hefði farið frá Írak til Tyrklands og þaðan sjóleiðina til Grikklands um miðjan desember 2015. Þar hefði hann dvalið í 13 til 14 daga í þeim tilgangi að bíða eftir að fá fölsuð skilríki svo honum væri kleift að ferðast innan Evrópu. Hann hefði síðan haldið för sinni áfram flugleiðis 26. eða 27. sama mánaðar með stuttri viðkomu í Hollandi, en ákærði kom til landsins frá Amsterdam 1. janúar 2016. Það þótti heldur ekki skipta máli að hann hafi ekki sjálfur tafarlaust gefið sig fram við stjórnvöld hér á landi. Í héraðsdómi hafði ákærða verið dæmd refsing samkvæmt dómaframkvæmd og var hann dæmdur í 30 daga óskilorðsbundið fangelsi. Hæstiréttur horfir hins vegar til 31. gr. flóttamannasamningsins og reifar skilyrði þess að honum verði ekki gerð refsing. Að öllu þessu virtu og með hliðsjón af *Hrd. 17. desember 2015 (345/2015)*, sem reifaður er hér að ofan, taldi dómurinn ekki efni til að ákærða yrði gerð refsing í málinu. Í þessum tveimur dómum má sjá að Hæstiréttur telur í þeim tilfellum sem þar um ræðir að skilyrði 31. gr. flóttamannasamningsins hafi verið uppfyllt og dæmir að ákærðu verði ekki gerð refsing vegna brota sinna.

Þessu til samanburðar má horfa til dómaframkvæmdar í Noregi. Þann 24. júní 2014 kvað Hæstiréttur Noregs upp dóm í máli sem varðaði bann 1. mgr. 31. gr. flóttamannasamningsins við að refsa flóttamönnum *Rt. 2014 bls. 645* fyrir ólöglega komu til lands og dvöl þar. Í héraði hafði hælisleitandi verið dæmdur fyrir skjalafals þar sem hann hafði framvísað fölsuðu skilríki við vegabréfaskoðun við komu til Noregs. Málið varðaði það hvort hælisleitandinn hefði uppfyllt skilyrði refsileysis sem er á þann veg að hann skuli „strax“ (á norsku straks.) gefa sig fram við yfirvöld og sýna fram á að hann hefði haft gildar ástæður til lögbrotsins. Hæstiréttur tók meðal annars fram:

Að „strax“ væri tæplega heppileg þýðing á ákvæði sáttmálans sem er „without delay/“sans delai“ en það orðalag gæfi meira svigrúm til túlkunar en orðið „straks“ hefur í norsku. Inntak verndarákvæðis nefndrar 1. mgr. 31. gr. samningsins sem og almennt víða annars staðar í honum gerði kröfu um hreint mat í hverju einstöku tilviki um það hvað teldist vera „without delay“. Við slíkt mat yrði að taka tillit til almennra aðstæðna flóttamannsins sem og þess á hvern hátt hann sjálfur upplifði sínar aðstæður á eigin forsendum. Hæstiréttur taldi að héraðsdómur hefði, að teknu tilliti til aðstæðna allra í samhengi, lagt til grundvallar of þrönga túlkun á skilyrðinu „without delay“ og sneri því héraðsdómnum við á áfrýjunarstiginu.<sup>78</sup>

Í þessu samhengi má svo nefna *Hérd. Reykn. 15. desember 2016 (S-220/2016)* þar sem A, aðili frá Afganistan, var ákærður fyrir skjalafals, með því að hafa við vegabréfaskoðun framvísað við lögreglu, í blekkingarskyni, bresku vegabréfi sem reyndist vegabréf annars einstaklings. Háttsemi ákærða varðaði við 1. mgr. 157. gr. alm. hgl. Ákærði kom frá Svíþjóð þar sem hann hafði dvalist í á annað ár. Útlendingastofnun hafnaði hælisumsókn ákærða og kvað á um endursendingu hans til Svíþjóðar. Í forsendum héraðsdóms sagði meðal annars að:

Í málinu liggja frammi gögn sem sýna að áður hafði ákærði sótt um hæli í Svíþjóð en umsókn hans verið synjað. Af niðurstöðu stjórnisýsludómstólsins í Malmö verður ráðið að umsókn ákærða hafi fengið efnislega meðferð og að dómstóllinn hafi meðal annars komist að þeirri niðurstöðu að ákærði hafi ekki vísað til neins sem snerti heilsufar hans, aðlögun hans í Svíþjóð eða ástandið í heimalandinu sem væri þess eðlis að ástæða væri til að veita honum dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Að þessu virtu verður ekki séð að ákærða hafi borið nauðsyn til að fremja þann verknað, sem lýst er í ákæru, til að vernda lögmæta hagsmuni sína fyrir yfirvofandi hættu, sbr. 13. gr. almennra hegningarlaga. Að þessu gættu verður heldur ekki talið að ákærði geti byggt rétt í málinu á öðrum þeim neyðarréttarreglum, innlendum og erlendum, skráðum og óskráðum, sem hann hefur vísað til. Samkvæmt því og öðru framangreindu verður ákærði því sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 157. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá krafðist ákærði þess, yrði hann sakfelldur, að honum verði ekki gerð refsing fyrir háttsemi sína, þar sem hann sé flóttamaður í skilningi 1. mgr. 31. gr. flóttamannasamningsins. Dómurinn reifaði ákvæði 31. gr. samningsins og tók þetta fram:

Nefndur alþjóðasamningur hefur ekki lagagildi hér á landi og getur 1. mgr. 31. gr. samningsins því ekki, svo sem áður var getið, leitt til sýknu þeirra sem sakaðir eru um refsiverða háttsemi. Við ákvörðun refsingar kann þó, ef við á, að vera unnt að taka tillit til samningsins, í ljósi þeirrar meginreglu íslensks réttar að leitast skuli við að skýra lög til samræmis við

---

<sup>78</sup> Í *verklagsreglum norska ríkissaksóknarans* frá 4. júlí 2014 og sent var handhöfum ákærvalds, það er að segja ríkissaksóknara, yfirmanni efnahagsbrota, yfirmanni skipulagðra brotastarfsemi, útlendingaefirlits og yfirmanni öryggismála, eru fyrri fyrirmælum í verklagsreglum sem settar voru 1. desember 2008 (Ra 05-370) breytt á þann veg að þær samræmist niðurstöðu Hæstaréttar í þessu máli, varðandi túlkun á hugtakinu strax (no. straks). Í sama bréfi boðar ríkislögmaður heildarendurskoðun á verklagsreglum sínum frá 2008 með sérstöku tilliti til útlendingalaga sem tóku gildi 2010 og jafnframt eru í bígerð lagabreytingar sem útfæra á annan hátt reglurnar um komubann útlendinga í fyrri verklagsreglum en vegna mikils vinnuálags hefur ekki verið hægt að framkvæma slíka endurskoðun en hafist verður handan við að standa við hana á næstu misserum. Tilv: 2014/00167-009 ABG007274. Verklagsreglurnar má finna hér: <http://www.riksadvokaten.no>.

þjóðréttarskuldbindingar ríkisins. Ákærði ferðaðist frá Tyrklandi til Grikklands og þaðan til Svíþjóðar þar sem hann sótti um alþjóðlega vernd. Samkvæmt áðursögðu var ákærða synjað um hæli þar í landi og ákvað hann þá að ferðast til Íslands og sækja hér um hæli. Var ákærði þá búinn að dveljast í Svíþjóð í á annað ár samkvæmt áðursögðu. Í ljósi þessa verður ekki talið að leitt hafi verið að því líkum að staða ákærða sé slík sem frá greinir í 1. mgr. 31. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna, þannig að leiða eigi til refsileysis að íslenskum rétti. Þá verður heldur ekki talið að því virtu sem fyrr var rakið að sýnt hafi verið fram á það í málinu að ákvæði 2. mgr. 44. gr. laga nr. 96/2002 um útlendinga geti átt við um ákærða. Hann hefur því unnið sér til refsingar.

Þá segir héraðsdómur loks í niðurstöðum, sem verður að teljast frekar áhugavert sjónarmið með það í huga að ekki var fallist á að taka ætti tillit til 31. gr. flóttamannasamningsins við ákvörðun refsingar.:

Ákærði hefur verið samvinnuþýður í málinu, hvort tveggja á rannsóknarstigi og fyrir dómi, og er það virt honum til málsbóta. Þá nýtur engra gagna við um að ákærði hafi áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Að þessu gættu og með hliðsjón af dómafrankvæmd þykir refsing ákærða réttlæga ákveðin fangelsi í 30 daga. Með vísan til þess sem þó liggur fyrir um aðstæður ákærða og þeirra breyttu réttarviðhorfa sem dómurinn telur endurspeglast í setningu laga nr. 80/2016 um útlendinga, sem gildi taka 1. janúar 2017, og dómum Hæstaréttar Íslands í málum nr. 345/2015 og 86/2016, þykir mega binda refsingu ákærða skilorði, með þeim hætti sem nánar greinir í dómsorði.<sup>79</sup> [Leturbreyting höfundar]

Samningurinn hefur, eins og áður er fram komið, ekki verið lögfestur hér á landi en Hæstiréttur hefur í nýlegum dómum sínum talið að þrátt fyrir að umræddur alþjóðasamningur hefði ekki lagagildi hér á landi sé unnt að taka tillit til hans við ákvörðun refsingar í ljósi þeirrar meginreglu að leitast skuli við að skýra lög til samræmis við þjóðréttarskuldbindingar ríkisins.<sup>80</sup> Hins vegar er ekki sjá að í *Hérd. Reykn. 15. desember 2016 (S-220/2016)*, sem reifaður er hér að ofan, að aðstæður ákærða hafi verið þannig að refsing skyldi vera skilorðsbundin. Einnig kemur ekki fram í dómnum hvaða breyttu réttarviðhorf það eru sem endurspeglast í setningu útlendingalaganna. Til samanburðar þessari niðurstöðu má sjá í nýlegum dómi *Hrd. 16. nóvember 2017 (220/2017)* þar sem S, ríkisborgari í Sri Lanka, var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hgl. með því að hafa framvísað við lögreglu í blekkingarskyni þýsku bráðabirgðavegabréfi sem reyndist breytifalsað, þ.e. falsað að hluta. Í dómnum kemur fram að ákærði S hafi verið að koma frá Ítalíu og hefði þar stöðu flóttamanns,

---

<sup>79</sup> Þetta kom einnig fram í *Hérd. Reykn. 15. desember 2016 (S-209/2016)* sem kveðinn var upp sama dag. En þar var í fölsunarmáli á ferðaskilríkjum, refsing ákveðin skilorðsbundin með vísan til aðstæðna ákærða í Sómalíu, breyttra réttarviðhorfa er dómurinn taldi endurspeglast í setningu útlendingalaga og málum *Hrd. 9. júní 2016 (86/2016)* og *Hrd. 17. desember 2015 (345/2015)*.

<sup>80</sup> Þetta kom fram í *Hrd. 9. júní 2016 (86/2016)*. Að auki má segja að með lögfestingu 32. gr. útlendingalaga nr. 80/2016 að 1. mgr. 31. gr. flóttamannasamningsins hafi verið lögfest í íslensk lög og með því verið að tryggja að einhverju leyti alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

en hann hefði dvalið á Ítalíu í fjóra mánuði. Einnig á hann að hafa sótt um hæli í Sviss. Í forsendum héraðsdóms sem Hæstiréttur staðfestir kemur fram að:

Ákærði gaf sig ekki fram við stjórnvöld við komu sína til landsins og færði ekki gildar ástæður fyrir því að hafa ekki gert það eða fyrir ólöglegri komu sinni hingað til lands. S hafi ekki verið að koma til landsins beint frá landsvæði þar sem lífi hans, heilsu eða frelsi var ógnað, sbr. 32. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga, þannig að leiða eigi til refsileysis. Því hafi ákærði unnið sér til refsingar. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að S hefði játað skýlaust brot sitt, verið samvinnuþýður og ekkert lægi fyrir um að hann hafi áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Með hliðsjón af þessu og áralangri dómaframkvæmd þótti refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Svipaða niðurstöðu er að finna í *Hrd. 16. nóvember 2017 (219/2017)* þar sem S, sómalískur ríkisborgari, var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 157. gr. alm. hgl. með því að hafa við vegabréfaskoðun framvísað við lögreglu í blekkingarskyni vegabréfi í eigu annars manns. Í málinu kom fram að ákærði, S, hefði sótt um hæli sem flóttamaður í Finnlandi í maí 2016, en umsókn hans hefði verið hafnað. Þá kom fram að ákærði hefur ekki sótt um hæli sem flóttamaður hér á landi. Ákærði gaf sig ekki fram við stjórnvöld við komu sína til landsins og færði ekki gildar ástæður fyrir því að hafa ekki gert það eða gert grein fyrir ólöglegri komu sinni. Í forsendum héraðsdóms sem Hæstiréttur staðfesti kemur fram að:

Samkvæmt framangreindu hefur ákærði haft viðkomu í a.m.k. tveimur löndum Evrópu á för sinni til Íslands og hafði hann dvalið í Finnlandi í tæpt ár áður en hann kom hingað til lands. Ákærði var því ekki að koma til landsins beint frá landsvæði þar sem lífi hans, heilsu eða frelsi var ógnað, sbr. 32. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga, þannig að leiða eigi til refsileysis. Hefur ákærði því unnið sér til refsingar. Við ákvörðun refsingar er litið til þess að ákærði hefur gengist við broti sínu og verið samvinnuþýður. Þá er litið til þess að ekkert liggur fyrir um það að ákærði hafi áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Með hliðsjón af framangreindu og áralangri dómaframkvæmd þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Í síðastnefndum tveimur dómum fá ákærðu 30 daga óskilorðsbundið fangelsi þrátt fyrir að aðstæður ákærðu hafi verið svipaðar og í dómi *Hérd. Reykn. 15. desember 2016 (S-220/2016)*. Það mynstur sem sést á milli þeirra fölsunarmála, þar sem refsing var bundin skilorði og þar sem hún var ekki bundin skilorði, eru tengsl áður nefndrar 31. gr. flóttamannasamningsins og samnefndrar 32. gr. útlendingalaganna. Dómstólar hafa litið alvarlegum augum á brot þar sem fölsun ferðaskilríkja er brotaandlagið og hafa þeir fylgt þeirri dómvenju fast eftir, að ekki sé í slíkum málum tækt að skilorðsbinda refsinguna. Þær raunverulegu breytingar sem sjá má í dómaframkvæmdinni endurspeglast frekar í því að dómstólar horfa meira til flóttamannasamningsins nú en áður.

Áhugavert er að velta upp þeirri spurningu hvort að þeir aðilar sem dæmdir hafa verið í 30 daga fangelsi og uppfylltu mögulega refsileysisákvæði flóttamannasamningsins kunni sumir

að geta leitað til endurupptökunefndar samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008. Í 1. mgr. 211. gr. sömu laga er kveðið á um að hafi héraðsdómur gengið í sakamáli sem ekki hafi verið áfrýjað og áfrýjunarfrestur er liðinn geti endurupptökunefnd orðið við beiðni manns um endurupptöku, sem telur sig ranglega sakfelldan eða sakfelldan fyrir mun meira brot en það sem hann hefur framið, ef einhverju skilyrða í staflaðum a til d 1. mgr. 211. gr. sömu laga er fullnægt. Á þetta hefur reynt í niðurstöðu endurupptökunefndar í Noregi þann 8. október 2015 (2015/124). Maður frá Erítríu var dæmdur í 45 daga fangelsi í héraðsdómi árið 2010 vegna brots á 2. másl. 1. mgr. 182. gr. norskra hegningarlaga, fyrir að hafa framvísað fölsuðu vegabréfi við komuna til Noregs. Dómþoli óskaði eftir endurupptöku málsins með vísan til 1. mgr. 31. gr. flóttamannasamningsins og taldi að öll skilyrði refsileysis 31. gr. samningsins væru uppfyllt í málinu. Endurupptökunefndin komst að því að skilyrði samningsins um að hælisleitandi þyrfti að gefa sig fram án tafar, eins og fram kemur í *Rt. 2014, bls. 645*, væru uppfyllt. Málið var endurupptekið á grundvelli 2. mgr. 392. gr. norsku sakamálalaganna enda var nefndin einróma um að vegna sérstakra aðstæðna ákærða í málinu að tilefni væri til þess að efast um hvort að niðurstaða dómsins væri rétt.<sup>81</sup>

## 5 Niðurstaða og ályktanir

Ljóst er að hér á landi hefur þegar verið stigið það skref að endurskoða dómaframkvæmd í refsímálum vegna falsaðra skilríkja og misnotkunar persónuskilríkja. Niðurstöður virðast samhljóma til dæmis því sem gerist í Noregi þannig að refsingar eru vægari nú en áður. Tekið er tillit til einstaklingsbundinna aðstæðna brotamanns og markaðar skýrar línur um ólögfestar forsendur refsíákvörðunar og refsileysis. Ákvæðum alþjóðasamnings um flóttafólk er beitt af dómstólum enda þótt innanlands refsilöggjöf hafi ekki sætt formlegum breytingum. Dómaframkvæmd er skýr að þessu leyti. Dómstólar marka brautina og virðist hún ekki umdeild.

Athygli vekur að sjónarmið um ungan aldur sakbornings til refsiviðmiðunar virðast aldrei hafa komið til álita í íslenskum dómum sem fjalla um framvísun falsaðra persónuskilríkja. Skilorði er og sjaldan beitt í refsíákvörðun enda þótt þekkt séu a.m.k. tvö frávik þar frá í héraðsdómi sem ekki var áfrýjað. Loks er þess að geta að ríkissaksóknari á Íslandi hefur ekki sett héraðssaksóknurum samræmdar verklagsreglur um meðferð útlendingamála, samanber það sem áður sagði um slíka útgáfu reglna í Noregi. Hérlandis er þó, ef á heildina er litið,

---

<sup>81</sup> Ulf Stidbeck: „Fra kommisjonen for gjenopptakelse av straffesaker – Tredje og fjerde kvartal 2015“, bls. 103.

viðhöfð lagatúlkun og framkvæmd sem í raun byggir á þeim vilja alþjóðasamtaka og anda alþjóðasamninga að ákvæðum þeirra sé ætlað að styðja við og styrkja mannúðarsjónarmið og hluttekningu til vorra minnstu bræðra og þeirra sem eiga sárast um að binda.

## HEIMILDASKRÁ

*Alþingistíðindi.*

*Alþjóðlegir mannréttindasamningar sem Ísland er aðili að.* Ritstj. Björg Thorarensen. Reykjavík 2003.

Fyrirmæli Ríkissaksóknara frá 25. janúar 2017, nr. 3/2017, 5/2017 og 8/2017.

„Hvornár begyndte man at bruge pas til rejser mellem lande?“, <http://altomhistorie.dk/arkiv>, 1. febrúar 2012 (síðast sótt 13. desember 2017).

Íslensk Orðabók, önnur útgáfa. Ritstj. Árni Böðvarsson. Reykjavík 1996.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I.* Reykjavík 1999.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III.* Reykjavík 2004.

Jónatan Þórmundsson: „Einkenni auðgunarbrota. Tengsl þeirra innbyrðis og við önnur brot“. *Tímarit lögfræðinga* 4. tbl. 2008. Bls. 403-463

Jónatan Þórmundsson: „Rökstuðningur refsíákvörðunar“. *Rannsóknir í félagsvísindum IV* Lagadeild. Ritstj. Viðar Már Matthíasson. Reykjavík 2003, bls. 11-28.

Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum.* Reykjavík 1992.

„Mildere straff å juksemed pass og papirer“, <https://www.nrk.no/norge/mildere-straff-for-falske-papirbruk-1.11470467>, 15. janúar 2015 (síðast sótt 14. desember 2017).

*Misbruk av ID-dokumenter 2016.* Nasjonalt ID center, Oslo 2017

Ragnheiður Bragadóttir: „Markmið refsinga“. *Úlfjótur*, 1. tbl. 2003, bls. 97-100

Róbert R. Spanó: „Um refsíakvarðanir og réttarvitund almennings“. *Lögmannablaðið*, 2. tbl. 2001, bls. 21-22

„Segir marklaust að refsa hælisleitendum“, <http://www.ruv.is>, 21. desember 2014 (skoðað 13. desember 2017)

Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir: *Ákvörðun refsingar.* Reykjavík 2003.

*Skýrsla nefndar um málefni útlendinga utan Evrópska efnahagssvæðisins.* Innanríkisráðuneytið, Reykjavík 2012.

Steinar Fredriksen: *Norm, skyldkrav og straffetrussel.* Osló 2017.

Stephan Hurwitz: *Den danske kriminalret, special del.* Kaupmannahöfn 1970.

Svein Slettan og Toril Marie Øie: *Forbrytelse og straff. Bind 1 innføring i strafferett.* Osló 2001.

Ulf Stidbeck: „Fra kommisjonen for gjenopptakelse av straffesaker – Tredje og fjerde kvartal 2015“. *Tilsskrift for strafferett*, 1. tbl. 2016, bls. 96-103.

*Verklagsregler rikislögmanns Noregs (Riksadvokaten)*, dags. 4. júlí 2014, Tilv: 2014/00167-009 ABG007274, <https://www.riksadvokaten.no/wp-content/uploads/2017/10/Endring-av-riksadvokatens-retningslinjer-om-unnlatt-straffeforf%C3%B8lgning.pdf> (skoðað 13. desember 2017).

## DÓMASKRÁ

### Dómar Hæstaréttar:

*Hrd. 2002, bls. 4061 (350/2002)*  
*Hrd. 1966, bls. 83 (6/1965)*  
*Hrd. 2003, bls. 4492 (449/2003)*  
*Hrd. 2003, bls. 4498 (450/2003)*  
*Hrd. 2003, bls. 4504 (451/2003)*  
*Hrd. 2003, bls. 4510 (452/2003)*  
*Hrd. 2003, bls. 4516 (453/2003)*  
*Hrd. 2003, bls. 4522 (454/2003)*  
*Hrd. 2005, bls. 4488 (357/2005)*  
*Hrd. 4. maí 2006 (86/2006)*  
*Hrd. 13. mars 2008 (30/2008)*  
*Hrd. 17. nóvember 2011 (103/2011)*  
*Hrd. 25. október 2012 (89/2012)*  
*Hrd. 15 nóvember 2012 (430/2012)*  
*Hrd. 15 nóvember 2012 (431/2012)*  
*Hrd. 7. nóvember 2013 (471/2013)*  
*Hrd. 9. október 2014 (680/2013)*  
*Hrd. 1. október 2015 (799/2014)*  
*Hrd. 17. desember 2015 (345/2015)*  
*Hrd. 9. júní 2016 (86/2016)*  
*Hrd. 16. nóvember 2017 (220/2017)*  
*Hrd. 16. nóvember 2017 (219/2017)*

### Dómar héraðsdóms:

*Hérd. Austl. 30. júní 2016 (S-7/2016)*  
*Hérd. Reykn. 15. desember 2016 (S-220/2016)*  
*Hérd. Reykn. 17. nóvember 2017 (S-418/2017)*  
*Hérd. Reykn. 7. desember 2017 (S-413/2017)*  
*Hérd. Reykn. 7. desember 2017 (S-357/2017)*

### Dómar Hæstaréttar Noregs:

*Rt. 2007, bls. 7*  
*Rt. 2014, bls. 645*